

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 993

**Dagsetning:** 29. ágúst 2023 klukkan 8:50

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Óskar Reykdalsson, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, Sigríður Dóra Magnúsdóttir, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Elís Reynarsson, sérfræðingur á sviði fjármála og rekstrar, sat fundinn undir lið 2. Hanna Lind Garðarsdóttir og Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 3.

## I. Efni til kynningar

### 1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

## II. Efni til umræðu

### 2. Afköst stöðva

Elís Reynarsson, sérfræðingur á sviði fjármála og rekstrar, kom á fundinn og kynnti tölfræði yfir afköst stöðva.

### 3. Starfsdagur stjórnenda

Hanna Lind Garðarsdóttir og Sigurborg Jónsdóttir mannauðsráðgjafar komu á fundinn til að ræða fyrirhugaðan starfsdag stjórnenda.

### 4. Námsleyfi lækna

Farið yfir uppfærðar reglur um námsleyfi lækna.

### 5. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál. Umræður um stefnu varðandi ráðningar starfsfólks eldra en 70 ára tengt breytingum á lögum um hámarksaldur heilbrigðisstarfsfólks.

### 6. Flutningar Heilsugæslunnar Hlíðum

Undirbúningur fyrir fundi þar sem farið verður yfir hvernig tókst til við flutning Heilsugæslunnar Hlíðum og hvaða lærdóm megi draga af ferlinu.

## 7. Flutningar geðheilsuteyma í Vegmúla

Rætt um undirbúning flutnings þriggja geðheilsuteyma í Vegmúla 3. Vinnan gengur vel og stýttist í að hægt verði að flytja.

## 8. Samningur við Janus um greiningar

Umræður um samning við Janus um greiningar fyrir geðteymi HH.

### III. Efni til afgreiðslu

#### 9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 15. ágúst og 22. ágúst ræddar.

*Niðurstaða: Afgreiðslu fundargerðar frá 15. ágúst frestað. Fundargerð frá 22. ágúst samþykkt án athugasemda.*

#### 10. Fjarvinnustefna HH

Rætt var um drög að fjarvinnustefnu HH. Ekki náðist samkomulag í tölvupóstsamskiptum eftir síðasta fund.

*Niðurstaða: Ákveðið að vinna málið betur áður en framkvæmdastjórn tekur afstöðu til stefnunnar.*

#### 11. Verklag vegna afleysinga svæðisstjóra

Umræður um greiðslur vegna afleysinga fyrir svæðisstjóra.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjóra mannauðs og nýliðunar falið að skýra verklagið.*

#### 12. Erindi til Heilbrigðisráðuneytisins

Rætt um erindi frá HH til heilbrigðisráðuneytisins um Heilsubrú sem hefur verið í vinnslu.

*Niðurstaða: Erindið verður sent ráðuneytinu fljótlega.*

### Önnur mál

#### 13. Samningar og útboð

Upplýst að vinna er í gangi við samninga um húsnæði í Spöng og Hraunbæ. Einnig er unnið að samningum um endurnýjun á bílafloata HH.